

15. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 15. maí 2019 klukkan 8:30

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar.

1. Ársreikningur Ásahrepps 2018, síðari umræða.

Ársreikningur Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2018 lagður fram til annarrar og lokaumræðu hjá hreppsnefnd. Helstu lykiltölur ársreiknings samstæðu eru eftirfarandi í þúsundum króna:

<i>Rekstrarreikningur:</i>	
Rekstrartekjur:	291.638
Rekstrargjöld:	276.593
Afskriftir:	-14.188
Fjármunatekjur:	5.666
Rekstrarniðurstaða:	6.522

<i>Efnahagsreikningur:</i>	
<i>Eignir:</i>	
Fastafjármunir:	389.980
Veltufjármunir:	44.993
Eignir samtals:	434.974

<i>Skuldir og eigið fé:</i>	
Eigið fé:	385.410
Langtímaskuldir:	38.224
Skammtímaskuldir:	11.340
Skuldir alls:	49.564
Eigið fé og skuldir samtals:	434.974

Nettó fjárfestingar ársins: 40.576

Handbært fé um áramót: 17.486

Veltufjárhlutfall:	3,97
Eiginfjárhlutfall:	88,6%
Skuldahlutfall:	17,0%
Skuldaviðmið skv. reglugerð:	0,2%
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður:	27.052

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fyrirliggjandi ársreikning Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2018 og áritaði hann.

2. Fundargerðir til samþykktar:

- 2.1. 175. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-98. Mál nr. 18; afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19-98 – 1903008F. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. apríl 2019 lagðar fram til kynningar.

- 2.2. 176. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-99. Mál nr. 1; Sumarliðabær 2 lóð L217623; Reitur F2, Breyting á byggingarskilmálum; Deiliskipulagsbreyting – 1905001. Lögð er fram umsókn Magnúsar Þorgeirssonar, dags 30. apríl 2019, f.h. Svarthöfða Hrossarækt ehf., eiganda Sumarliðabæjar, L217623, í Ásahreppi, um óverulega breytingu „Reitur F2 núverandi sökklar“ á áður samþykktu deiliskipulagi. Breyting felst í að gestahús breytist í afþreyingarhús. Skilmálar haldist að öðru leyti óbreyttir. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir umsóknina sem óverulega breytingu skv. 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa falið að senda Skipulagsstofnun breytinguna til varðveislu og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál nr. 19; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19-99 – 1904002F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. apríl lagðar fram til kynningar.

- 2.3. 5. fundur stjórnar Odda bs., frá 10. desember 2019. Varðandi 3. dagskrárlið þá er gerð tillaga um að sveitarstjórn staðfesti fyrir sitt leyti bókun stjórnar Odda bs og að í endurskoðaðri útgáfu samþykktu Odda bs orðist greinar 10 og 11 svo:

10. gr. Endurskoðun samþykktu og slit byggðasamlagsins
Samþykktir þessar skulu endurskoðaðar verði breytingar á verkefnum sem byggðasamlagið skal sinna. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis sveitarstjórna beggja aðildarsveitarfélaganna á lögsmætum sveitarstjórnarfundu.

Hvort sveitarfélag getur sagt upp aðild að byggðasamlaginu með tveggja ára fyrirvara miðað við áramót. Um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlaginu eða slit þess fer að öðru leyti eftir 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

11. gr. Gildistaka

Samþykktir þessar öðlast gildi við staðfestingu innanríkisráðuneytisins.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu að breytingu á 10. og 11. grein samþykktu Odda bs.

3. Fundargerðir til kynningar:

- 3.1. 13. fundur stjórnar Odda bs.
- 3.2. Stjórnarfundur Bergrisans bs, 9. apríl 2019.
- 3.3. 870. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 3.4. 196. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

4. 17. júní hátíðarhöld.

Umræða varð um fyrirkomulag 17. júní hátíðarhalda í ár. Fyrirkomulag verður með sama hætti og undanfarin ár.

5. Hreinsunaráttak, plokki.

Umræða varð um hvort ráðast eigi í hreinsunaráttak, eða plokki, í tengslum við árlega vorhreinsun í Ásahreppi. Stefnt er að hreinsunardegi í Ásahreppi miðvikudaginn 29. maí n.k.

6. Endurskoðun innkaupareglna Ásahrepps.

Lögð fram tillaga að endurskoðuðum innkaupareglum fyrir Ásahrepp. Endurskoðun byggist á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og EES reglum. Frá og með 31. maí 2019 ber sveitarfélögum að hafa endurskoðað innkaupareglur sínar og uppfært viðmiðunarfjárhæðir vegna útboðsskyldu innkaupa í samræmi við fyrrgreind lög. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi endurskoðaðar innkaupareglur fyrir Ásahrepp og felur sveitarstjóra að auglýsa þær í B-deild Stjórnartíðinda. Eftir birtingu í Stjórnartíðindum verða innkaupareglurnar aðgengilegar á heimasíðu hreppsins.

7. Samningar er varðar Bergrisans:

7.1. Þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks.

Lagður fram þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks milli aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi þjónustusamning fyrir sitt leyti.

7.2. Samningur milli Árborgar og Bergrisans bs.

Lagður fram samningur milli sveitarfélagsins Árborgar og Bergrisans bs um kaup á þjónustu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning fyrir sitt leyti.

8. Innsend bréf og erindi:

8.1. Bréf Kvinnakórsins Ljósbrár, beiðni um styrk vegna vortónleika 2019.

Lagt fram bréf Kvinnakórsins Ljósbrár þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna vortónleika 2019. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita kórnum styrk að fjárhæð kr. 25.000 enda rúmast sú fjárhæð í gildandi fjárhagsáætlun sveitarsjóðs.

8.2. Tölvuskeyti Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 15. apríl 2019; atvinnustefna.

Lagt fram tölvuskeyti Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 15. apríl 2019, þar sem óskað var eftir skriflegum ábendingum og athugasemdum við fyrirbyggjandi drög að atvinnustefnu.

Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að þetta erindi barst eftir að apríl fundi hreppsnefndar lauk og ekki er gefinn nema tveggja vikna frestur til að veita umsögn eða til 1. maí s.l. Innan þess tíma var einnig páskahátíðin þannig að í raun var um mun skemmri tíma að ræða.

Hreppsnefnd Ásahrepps harmar vinnubrögð sem þessi að gefa ekki sveitarstjórnnum meiri tíma til þess að kynna sér málið. Rétt er að geta þess að sveitarstjóri óskaði sérstaklega eftir því að fá meiri tíma en þeirri beiðni var hafnað.

Atvinnustefna fyrir þjóðgarð er mikilvæg stefnumörkun sem á ekki að vinna með slíkum hraða sem hér hefur sýnt sig. Það er heldur ekki til þess fallið að efla traust, sérstaklega að teknu tilliti til þess að vinna er í gangi um frekari útfærslu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

8.3. Tölvuskeyti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 30. apríl 2019;

Grænbók um stefnu ríkisins á málefnum sveitarfélaga.

Lagt fram umræðuskjal, Grænbók, um stefnumótun ríkisins í málefnum sveitarstjórnarstigsins, sem birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda.

- 8.4 Tölvuskeyti Eggerts Sigurþórs Guðlaugssonar, dags. 8. maí 2019; grenjavinnsla. Lagt fram tölvuskeyti Eggerts Sigurþórs Guðlaugssonar þar sem hann er að kanna hvort væri laust í grenjavinnslu hjá Ásahreppi á komandi sumrum. Einnig getur hann tekið að sér minkaveiðar. Í gildi eru samningar vegna grenjaveiða og veiða á ref í Ásahreppi, bæði á afrétti og í byggð.


9. Bréf og erindi til kynningar:

- 9.1. Ársskýrsla 2017-2018, Hestamannafélagið Geysir.
9.2. Bréf Stofnunar Árna Magnússonar, nafnfræðisviðs, dags. 26. apríl 2019; örnefni, - leiðbeiningar fyrir sveitarfélög.
9.3. Bréf HSK, dags. 28. apríl 2019; þakkir fyrir móttökur á 97. héraðsþingi HSK.
9.4. Bréf HSK, dags. 28. apríl 2019; ályktanir og ársskýrsla 2018.
9.5. Tölvuskeyti ÍÓÍ, dags. 17. apríl 2019; Hjólað í vinnuna.
9.6. Tölvuskeyti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 6. maí 2019; upplýsingagátt Jöfnunarsjóðs.
9.7. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga til nefndarsviðs Alþingis, dags. 3. maí 2019; umsögn um tillögu til þingsályktunar, mál nr. 750, fjármálaáætlun.


10. Tímasetning júnifundar hreppsnefndar Ásahrepps.


Sveitarstjóri óskar eftir að næsti reglubundni fundur hreppsnefndar verði haldinn miðvikudaginn 12. júní n.k. Samþykkt samhljóða.


Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.



Ásta B. Ólafsdóttir


Elín Grétarsdóttir


Guðmundur Gíslason


Egill Sigurðsson


Brynja J. Jónasdóttir


Valtýr Valtýsson